



Áveitan

7. tbl. 11. árgangur. Júlí 2017

Ungmennafélagsreiðtúrinn

Hinn árlegi reiðtúr Umf. Þjótanda fer fram sunnudagskvöldið 16. júlí. Ferðinni er heitið um Miklavatnsmýri sem er sameignarland nokkurra bæja í Gaulverjabæjarhreppi hinum forna. Riðinn verður hringur um svæðið sem er ca 10 km langur og hentar vel einhesta fólki. Stefnan er að ríða af stað frá Syðra-Velli kl 20:00 en þar á hlaðinu er nægt pláss fyrir bíla og kerrur fyrir þá sem koma með hrossin akandi á staðinn. Ungmennafélagið mun bjóða upp á heitt kakó á leiðinni en ef hungrið sverfur að gæti verið gott að hafa smá nesti í vasanum. Á síðasta ári var mikill fjöldi í reiðtúrnum og við vonum að það sama verði upp á teningnum í ár.

Stjórnin

Íþróttæfingar í Þjórsárverri

Á fimmtudagskvöldum í sumar mun Ungmennafélagið Þjótandi bjóða uppá íþróttæfingar á vellinum við Þjórsárver. Æfingarnar eru ætlaðar börnum fæddum á árunum 2005-2010 og verða frá kl 20:00-21:00. Á æfingunum verður farið í ýmsar íþróttagreinir auk skemmtilegra leikja af ýmsu tagi. Þjálfari á æfingunum verður Sunna Skeggjadóttir. Fyrsta æfingin er núna 6. júlí og vonandi mæta sem flestir.

Íþróttanefnd

Áveitan í Flóahreppi

Útgefandi: Ungmennafélagið Þjótandi.

Ábyrgðarmenn:

Ragnar Sigurjónsson
icegordon@gmail.com
S. 820-3565

Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir
idunnyr84@gmail.com
S: 865-1454

Fanney Ólafsdóttir
fanneyo@emax.is
S. 892-4155

Frá sveitarstjóra

Kæru íbúar

Í Flóahreppi var þjóðhátíðardagurinn haldinn hátíðlegur með hefðbundnum hætti í Þingborg. Hátíðin var skipulögð af félögum í Ungmennafélaginu Þjótanda. Dagskráin var haldin í Þingborg og var henni stýrt af Árna Geir Hilmarssyni. Fjallkona Flóahrepps árið 2017 Iðunn Ýr Ásgeirsdóttir flutti ljóð og Árni Geir stjórnaði leikjum. Umhverfisverðlaun Flóahrepps árið 2017, hlutu lögbýlið Halakot og í hópi fyrirtækja Íslenski bærinn í Austur Meðalholtum. Flóahreppur óskar fulltrúum Halakots og Íslenska bæjarins til hamingju með metnaðarfull markmið í allri uppbyggingu. Að venju var boðið upp á myndarlegt kaffihlaðborð sem íbúar fylltu af gómsætum veitingum og félagar í kvenfélögunum sáu um kaffi og frágang. Bestu þakkir fyrir vel heppnaða dagskrá og ánægjulega samveru á þjóðhátíðardegi.

Aðsókn í vinnuskóla Flóahrepps var mjög góð, 24 nemendur skáðir og er þeim röggssamlega stýrt af Árna Geir Hilmarssyni. Sölvi Ólafsson var ráðinn Árna Geir til aðstoðar við flokksstjórn. Mikill kraftur hefur verið í starftinu hjá vinnuskólanum og gaman að sjá hvað krakkarnir setja svip á umhverfi okkar og bæta alla ásjúnd.

Nýr skólastjóri hefur verið ráðinn við Flóaskóla, Gunnlaug Hartmannsdóttir og býr hún í Hróasholti. Við bjóðum Gunnlaugu velkomna til starfa. Fyrsta verkefni hennar er að vinna úr umsókum um kennarastöður en alls bárust 16 umsóknir. Stefnt er að því að ganga frá öllum ráðningum nú í júlí. Framkvæmdir eru hafnar við Gömlu Þingborg. Þar verður skipt um ónýta glugga og unnið að hreinsun og viðgerðum á múrhúð hússins sem hefur látið verulega á sjá.

Sumarleyfi er hafið hjá leikskólanum Krakkaborg sem opnar aftur 8. ágúst. Skrifstofa Flóahrepps lokar í þrjár vikur frá 10. – 28. júlí og sveitarstjórn

Flóahrepps tekur sumarleyfi fram yfir miðjan ágúst.
Upplýsingar um vaktsíma vatnsveitu verða á heimsíðu Flóahrepps

Ef brýn mál koma upp á lokunartíma skrifstofu Flóahrepps þá tekur Árni Eiríksson oddviti símann á tímabilinu 10. – 21. júlí. GSM sími Árna er 860 9135. Dagana 24. – 28. júlí er neyðarsíminn hjá Eydisi Þ. Indriðadóttur sveitarstjóra. GSM sími Eyðísar er 846 1695.

Sveitarstjóri Flóahrepps

Unglingamót HSK í frjálsum íþróttum fer fram miðvikudagskvöldið 19. júlí á Selfossvelli og keppni hefst kl 19:00. Mótið er ætlað keppendum 15-22 ára. Keppnisgreinar eru eftirfarandi:
100m hlaup, 80/100m grindahlaup, 800m hlaup, kúluvarp, spjótkest, langstökk og hástökk.
Skráningarfrestur rennur út þriðjudagskvöldið 18. júlí og skráningar skulu berast til Guðmundu á gudmunda89@gmail.com.
Söfnum nú liði og reynum að skora hátt í stigakeppni félaga!
Áfram Þjótandi!

TIMBURHÓLAGRILL

Föstudagskvöldið 4. ágúst nk. verður heitt í kolunum í Timburhólum og er tilvalið fyrir þá sem ekki fara á útihátíð að koma og blanda geði því þar ætlum við að hittast og hafa gaman. Vonumst við til að sjá sem flesta og eins og áður hefur verið kemur hver með fyrir sig á grillið en við sjáum um að hafa hita í kolunum um kl. 20:00.

Stjórn skógræktarfélagins Samhygðar

Pistillinn

Þakka þér fyrir góðan pistil Sveinn Orri og fyrir áskorunina, það er öllum hollt að fara aðeins út fyrir þægindaramman og það geri ég svo sannalega núna.

Það fyrsta sem ég tók eftir þegar ég flutti í Flóahrepp var það hvað ungmennafélagsandinn var sterkur og unga fólkið jákvætt og tilbúið að taka þátt. Þegar ég fór á fyrsta þorablótið hér í sveitinni þá kom það mér skemmtilega á óvart að sjá allt þetta unga fólk taka þátt bæði í undirbúningi og sjá um alla skemmtun og þar var sko ekki kastað til hendinni .

Við höfum þurft og þurfum væntanlega í framtíðinni að takast á við sameiningu í einni eða annari mynd, eitt af því sem unga fólkið okkar gerði af mikilli fagmennsku var að sameina ungmennafélögin. Það er ekki auðvelt að leggja niður gömul félög þar sem margir hafa taugar til en allt gekk þetta í vinsemi og með virðingu. Ég held að við sem eldri erum ættum að staldra við og horfa á ungdóminn okkar og læra, mæta verkefnum sem lífið færir okkur fordómalaust og bera virðingu fyrir skoðunum annara.

Fljótlega eftir að við fluttum í Flóahrepp þá ákvað ég að fara í kvenfélagið ég fór í Kvenfélagið í Hraungerðishrepp , ég tel það eitt af mínum gæfusporum að fá að vera með og starfa með yndislegum konum að góðum málefnum. Ég var svo heppin á þessum tíma þegar ég ákvað að ganga í félagið að ég hugsaði ekki út í það að fleiri kvenfélög væru í Flóanum, því ef ég væri að ganga í kvenfélag í dag þá gæti ég ekki gert upp hug minn og valið félag. Kvenfélögin hafa starfað saman að góðum málefnum og ég tel mig heppna að vera með þessum öflugum hóp og það sem meira er, við erum allar jafn gamlar, það eru engin kynslóðaskipti. Ég vil hvetja allar konur sem ekki hafa verið í kvenfélagi að taka þátt og prófa, því það að vera í kvenfélagi er meira en bara bakstur.

Við erum oft á tíðum viðkvæm og neikvæð fyrir breytingum t.d féll ég í þann pytt fyrir nokkrum árum þegar sett var hringtorg á Selfossi að mér fannst þetta vera meira ruglið og gott ef sá sem átti hugmyndina var ekki bara bara alger vitleysingur. Núna vildi ég ekki keyra þarna í gegn án þess að hafa hringtorgið og dásama þann sem átti þessa hugmynd. En það er ekki nóg að hafa hringtorg það þarf að fara rétt í hringinn, ef okkur tekst það þá er það lykillinn að velferð, hamingju og góðu samstarfi við alla.

Nú ætla ég að fara yfir lækinn og sækja næsta pistlahöfund, ég skora á nágrannakonu mína hana Margréti á Læk að koma með næsta pistil.

Bestu kveðjur .

Elsa Birna, Hlíðarbrún

Auglýsing sem birtast átti í síðustu Áveitu:

Kæru sveitungar

Til hamingju með vel lukkaða Fjör í Flóa hátíð. Svona stórt verkefni gerist ekki að sjálfu sér og eiga þeir hrós skilið sem sáu um að gera þessa hátíð svona skemmtilega og glæsilega.

Einnig viljum við koma á framfæri bestu þökkum fyrir góðar móttökur á uxakjötinu okkar frá Litla-Ármóti á hátíðinni. Viðtökur voru mjög góðar og ánægjulegt hvað fólk er jákvætt fyrir að kaupa beint af bónda.

Uxakjöt er kallað uxakjöt af því það kemur af nauti sem er gelt . Það veldur því að vaxtakraði verður hægari og kjötið verður fitusprengrara og meirara en af graðnautum. Erlendis þekkist það að greitt sé hærra fyrir slíkt kjöt. Það hefur ekki verið mikil hefð fyrir uxum almennt á Íslandi en þekkist þó að bændur hafi slíka gripi til eigin brúks t.d. eins og þekkist með sauðakjöt.

Ef að þú vilt prufa uxakjötið en finnst þetta flókið og veist ekki hvað þú ættir að kaupa skaltu endilega hafa samband í síma 866-9296 (Hrafnhildur) eða e-mail litlaarmot@gmail.com og við finnum í sameiningu hvað hentar fyrir þig. Reynum sem sagt að búa til pakka sem að hentar hverjum og einum. Sumir vilja t.d. meira af hakki en aðrir meira af steikum og/eða gúllasi. Verðið spilast því eftir innihald hvernar pöntunar en við reynum að sjálfsgöðu að gefa magnafslátt eins og hægt er. Hagstæðustu kaupin eru samt alltaf ¼ skrokkur sem eru um 30 kg af úrbeinuðu kjöti .Það skiptist svo ca til helminga í hakk annarsvegar og steikur og gúllas hins vegar.

Okkar bestu sumarkveðjur

Hrafnhildur og Ragnar Finnur
Litla-Ármóti

Úrslit af íþróttamótum í júní

Þjótandi átti 5 keppendur á **Héraðsleikum HSK** sem fór fram í Þorlákshöfn þann 11. júní. Þeir stóðu sig svakalega vel og hér er árangurinn þeirra:

Bjarki Rafn Reynisson	´10	60m hlaup	11,30 sek	1. sæti
		400m hlaup	1:38,18 mín	4. sæti
		Langstökk	2,21m	7. sæti
Kristófer Máni Andrason	´10	60m hlaup	11,88s sek	5. sæti
		400m hlaup	1:45,28 mín	5. sæti
		Langstökk	2,45m	4. sæti
Björgvin G. Sigurðsson	´09	60m hlaup	14,43 sek	11. sæti
		400m hlaup	2:13,51 mín	11. sæti
		Langstökk	2,30m	6. sæti
Benóný Ágústsson	´08	60m hlaup	10,52 sek	2. sæti
		Langstökk	2,83m	4. sæti
Óskar Freyr Sigurðsson	´07	60m hlaup	11,89 sek	9. sæti
		400m hlaup	1:46,32 mín	7. sæti
		Langstökk	2,64m	8. sæti
		Hástökk	0,80m	8.-9. sæti
		Kúlúv.(2kg)	5,56m	5. sæti

Aldursflokkamót HSK fór einnig fram í Þorlákshöfn þann 11. júní. Þar átti Þjótandi 4 keppendur sem allir stóðu sig mjög vel. Hér er árangurinn þeirra:

Auðunn Ingi Davíðsson	´06	60m hlaup	10,09 sek	4. sæti
		600m hlaup	2:08,43 mín	2. sæti
		Hástökk	1,00m	6. sæti
		Langstökk	3,38m	4. sæti
		Kúlúv.(2kg)	5,69m	6. sæti
Hjalti Geir Jónsson	´06	60m hlaup	10,12 sek	5. sæti
		Hástökk	1,20m	2. sæti
		Langstökk	3,50m	3. sæti
		Kúlúv.(2kg)	6,58m	3. sæti
Viðar Hrafn Victorsson	´06	Spjótkast	14,48m	5. sæti
		60m hlaup	9,76 sek	2. sæti
		Langstökk	3,30m	6. sæti
Sigurjón Reynisson	´05	Spjótkast	16,37m	2. sæti
		60m hlaup	9,12 sek	1. sæti

	600m hlaup	1:56,39mín	1. sæti
	Hástökk	1,20m	4. sæti
	Langstökk	4,15m	1. sæti
	Kúlúv.(3kg)	6,54m	7. sæti
Sveit Þjótanda í boðhlaupi	4x100m hlaup	62,89 sek	5. sæti

Meistaramót Íslands 11-14 ára fór fram í Kópavogi þann 24-25. júní.

Þjótandi átti þar 8 keppendur en þeir kepptu í liði HSK/Selfoss. Þeir stóðu sig frábærlega og endaði það með að HSK/Selfoss sigraði heildarstigakeppnina með yfirburðum. Hér má sjá árangurinn þeirra:

Auðunn Ingi Davíðsson '06	60m hlaup	9,89 sek	6. sæti
	600m hlaup	2:09,63 mín	5. sæti
	Hástökk	1,06m	9.-10. sæti
	Langstökk	3,37m	10. sæti
	Spjót.(400gr)	17,47m	6. sæti
Benjamín M. Magnússon '06	60m hlaup	11,16 sek	14. sæti
	Langstökk	2,79 sek	14. sæti
	Kúlúv.(2kg)	8,34m	2. sæti
Hjalti Geir Jónsson '06	60m hlaup	9,90 sek	7. sæti
	Hástökk	1,11m	7. sæti
	Langstökk	3,44m	8. sæti
	Kúlúv.(2kg)	6,74m	7. sæti
Oddur Olav Davíðsson '06	60m hlaup	10,16 sek	10. sæti
	600m hlaup	2:12,86 sek	6. sæti
	Hástökk	1,06m	11.-12. sæti
	Langstökk	3,55m	7. sæti
	Spjót.(400gr)	9,62m	11. sæti
Viðar Hrafn Victorsson '06	60m hlaup	9,57 sek	3. sæti
	Hástökk	1,16m	4.-5. sæti
	Kúlúv.(2kg)	6,22m	8. sæti
	Spjót.(400gr)	20,08m	4. sæti
Sigurjón Reynisson '05	60m hlaup	9,13 sek	4. sæti
	600m hlaup	1:55,80 mín	2. sæti
	Hástökk	1,31m	4. sæti
	Langstökk	4,35m	1. sæti
	Kúlúv.(3kg)	6,30m	11. sæti
	Spjót.(400gr)	18,43m	10. sæti
Elías Örn Jónsson '03	100m hlaup	14,96 sek	12. sæti

		Langstökk	3,35m	12. sæti
		Kúluv.(4kg)	7,58m	13. sæti
Unnsteinn Reynisson	'03	100m hlaup	13,78 sek	9. sæti
		600m hlaup	1:51,35 mín	4. sæti
		80m gr.(84cm)	15,32 sek	2. sæti
		Hástökk	1,46m	5. sæti
		Langstökk	4,54m	7. sæti
		Kúluv.(4kg)	7,96m	12. sæti
		Spjót.(600gr)	28,47m	8. sæti

Þjótandi átti 4 keppendur á **Héraðsmóti fulloröðinna** sem fór fram á Selfossvelli 27. og 28. júní. Þeir stóðu sig vel og enduðu í 2. sæti í heildarstigakeppninni. Hér er árangurinn þeirra:

Stefán Narfi Bjarnason	'00	100m hlaup	12,23 sek	1. sæti
		200m hlaup	24,61 sek	1. sæti
		Langstökk	5,86m	1. sæti
		Þristökk	11,81m	1. sæti
		Kúluv.(7,26kg)	10,77m	2. sæti
		Spjót.(800gr)	48,20m	1. sæti
Brynjar Jón Brynjarsson	'01	100m hlaup	12,96 sek	11. sæti
		800m hlaup	2:33,32 mín	1. sæti
		Langstökk	5,34m	5. sæti
		Spjót.(800gr)	29,88m	8. sæti
Hugi Snær Jónsson	'01	100m hlaup	13,70 sek	14. sæti
		800m hlaup	2:34,92 mín	2. sæti
		Kúluv.(7,26kg)	5,36m	7. sæti
		Spjót.(800gr)	25,01m	9. sæti
Unnsteinn Reynisson	'03	100m hlaup	14,14 sek	15. sæti
		400m hlaup	65,90 sek	7. sæti
		800m hlaup	2:42,08 mín	4. sæti
		Hástökk	1,45m	6. sæti
		Langstökk	4,39m	9. sæti



Eyravegi 32 · Sími 480 1160 · Neyðarnúmer 660 1160

Frá Kvenfélagi Villingaholtshrepps:

100 ára afmælisgrillveisla

Kvenfélag Villingaholtshrepps býður öllum íbúum á félagssvæðinu til fagnaðar í Skagás fimmtudagskvöldið 20. júlí kl. 19:30. Tilfnið er 100 ára afmæli félagsins á árinu.

Dagskráin verður með einföldu sniði, frjáls leikur fyrir krakkana og skemmtileg samvera fyrir þá eldri. Boðið verður upp á grillaðar pylsur og meðlæti. Allir hjartanlega velkomnir, börn og fullorðnir, karlar og konur.

Ath. dagsetningin er auglýst með fyrirvara um að veðrið verði gott, annars verður fundið annað kvöld.

Hlökkum til að sjá ykkur,
kveðja frá kvenfélagskonum.

Kvenfélag Villingaholtshrepps 100 ára

Úr fyrstu fundagerðabók Kvenfélags Villingaholtshrepps

II HLUTI

Konur í Kvenfélagi Villingaholtshrepps voru dugandi konur og tóku ýmis málefni fyrir á fundum þessi 17 ár sem fyrsta fundagerðarbókin spannar yfir. Ég er nú búin að rekja helstu fjáraflanir og styrki þessi fyrstu ár en nú kemur að hinum málunum sem þær ræddu á fundunum og gaman að sjá hvað þær höfðu ákveðnar skoðanir á hinum ýmsu málefnum og ætla ég að gera því nokkur skil. Fyrstu ár félagsins fóru að mestu í að skipuleggja rekstur spunavélarinnar, skemmtanir og styrkveitingar. Í dag er okkar kvenfélag fjórða elsta starfandi kvenfélagið á sambandsvæði SSK en eldri eru Kvenfélag Eyrarbakka stofnað 1888 Kvenfélag Stokkseyrar 1904 og Kvenfélag Skeiðamanna 1908. 1927 fara áherslur að breytast, þá eru kvenfélögin orðin það mörg og hugmynd komin um að þau myndi með sér samtök. Á fundi 1. maí 1927 eru þær Stefanía í Hrórars Holti og Guðbjörg í Önundarholti kosnar sem fulltrúar kvenfélagsins á kvennafund við Ölfusá og á aðalfundi félagsins 1. júní skýrir Guðbjörg frá fundinum.

21. okt. 1928 er lesin upp fundargerð af kvennafundi sem haldinn var við Ölfusá 9. júlí þá um sumarið. Finnst mér líklegt að þessir tveir fundir hafi verið undirbúningsfundir fyrir stofnum SSK. En á þessum sama fundi 21 okt. er lesin fundargerð frá stofnfundi SSK 30. sept. 1928. Ekkert er frekar um þessa fundi en lesa má frekar um þá í „Gengnar slóðir“ sem gefin var út 1978 um sögu SSK (gefið út af SSK)

Um þetta leyti fara bréf að berast kvenfélaginu sem lesin eru upp á fundum oftast er lítið getið um innihald bréfa en yfirleitt hægt að geta sér til um það og ætla ég til gamans að birta nokkur bréfa eins og þeirra er getið í fundargerðum.

1.5.1928 lesið bréf frá Halldóru Bjarnadóttur og Ölfu Pétursdóttur um heimilisiðnað.

21.10.1928 voru tvö bréf lesin frá Halldóru Bjarnadóttur og Kristínu Guðmundsdóttur (ekki frekar um það).

21.10.1928 lesið upp bréf viðvíkjandi ekknastyrk eða styrk til einstæðra mæðra en enginn ákvörðun tekin en á fundinum á eftir 29.1.1929 var kosin 3 manna nefnd til að leggja grunn að ekknasjóði. Í nefndinni voru Guðbjörg Önundarholti, Þuríður Hurðarbaki, Guðbjörg Kolsholti.

Á þeim fundi 29.1.1929 barst fundinum svohljóðandi tillaga og var hún samþykkt:

„Fundurinn skorar á þing og stjórn að veita frk. Halldóru Bjarnadóttur full laun sem starfsmanni þjóðfélagsins nú á næsta þingi þar sem hún yntt svo þíðingarmikið starf af hendi sem heimilsiðnaður er og vekur alþjóðar áhuga með sínum góðu leiðbeiningum.

Sér fundurinn ekki annað en að hún beri fullann rétt til að fá þau laun að hún megi vel við una.“

17.2.1929 er haldinn fundur og þá eru rædd þjóðbúningamál og kemur mér á óvart hvaða afstöðu yngri konurnar höfðu á þeim tíma (konur fæddar í kringum 1900)

Það urðu skiptar skoðanir með upphlutinn. Þær yngri vildu stutt og létt pils og enga svuntu þar með. Allar vildu láta skotthúfuna fylgja.

Og á sama fundi eru þessar fundarsamþykktir gerðar:

Fræðslumál: þar voru allar félagskonur vel með að handavinna verði kennd í hverjum einasta barnaskóla á landinu, og:

Góðar undirtektir og mikill áhugi að halda sýningu og konur farnar að útbúa hluti á sýningu næsta vor.

20. apríl 1929 er þetta bókað:

Kosin þriggja manna nefnd til að annast sýningamuni og aðstoða við sýningu sem halda á að Skeggjastöðum eða samkomuhúsi Hraungerðishrepps á næsta vori, Guðbjörg Önundarholti, Sigurjóna Sýrlæk og Guðrún Ferjunesi.

Á aðalfundi 1. júní sama ár kemur fram að sýning verði í félagsheimili Hraungerðishr. 9. júlí 1929.

16.2.1930 er lesið bréf um landssýningu og konur beðnar um muni en konur tóku dauflega í það.

28. febrúar 1932 barst bréf frá Herdísí Jakobsdóttur um húsmæðraskólamál. Konur því hlynntar en láta bíða til næsta fundar að taka ákvörðun í því máli 17. apríl sama ár er rætt um húsmæðraskólamál. Fundur á móti því að leigja Þrastarlund eða kaupa Stað á Eyrarbakka en styður að byggður verði húsmæðraskóli á Suðurlandi. Og á sama fundi er ákveðið að halda skemmtun til eflingar húsmæðrabýggingar.

26.11 1933 var lesin tillaga frá lestrarfélagi hreppsins og var hún rædd og samþykkt. Tillagan: fundurinn skorar á hreppsnefnd Villingaholtshr. að hefjast handa á næstkomandi ári á byggingu á fundar og samkomuhúsi á hentugum stað við veginn sem næst miðbygg hreppsins. Allri vinnu sé jafnað niður sem skylduvinnu á alla vinnandi menn sveitarinnar. Einnig sé leitað frjálsra vinnuframlaga. Fáí tillagan samþykki fundarmanna skal kosin 3 manna nefnd til að bera hana fram fyrir sveitarstjórn.

14.4.1933 er lesið bréf frá Kvenréttindafélagi Íslands og ekkert um það rætt og 8.4.1934 lá fyrir fundarboð frá Kvenréttindafélagi Íslands en því ekki sinnt.

Svo konur höfðu ákveðnar skoðanir þá á tímum og vildu lítið blanda sér í kvenréttindi enda hefði sjálfsagt aldrei náðst eins góð samstaða um þau góðu málefni sem kvenfélögin hafa barist fyrir ef þau hefðu farið að blanda sér í svo pólitískt málefni eins og jafnrétti virðist vera.

Bæði Húsmæðraskólamálið og félagsheimili sveitarinnar áttu sér langan aðdragandi og er sjálfsagt meira um það í fundargerðum sem eftir koma. Kannski eigum við eftir að taka þau sér og rifja upp í einni heild aðkomu kvenfélagsins að þeim en það skýrist þegar við erum búin að lesa fleirri fundargerðir og gögn frá kvenfélaginu.

Elín Bj. Sveinsdóttir

Frá Búnaðarfélagi Villingaholtshrepps

Félagið hefur fest kaup á múgvendi af tegundinni Conor. Hægt er að fara með tækið á hvort sem er múga eða sláttuskára og gæti nýttst vel til að bylta heyi, hálmi eða grænfóðri. Tækið verður staðsett á Hurðarbaki, upplýsingar gefur Reynir í síma 898-0929.

Leikjakvöld fyrir unglunga

Leikjakvöld fyrir unglunga fædda 2004 og fyrr verða á miðvikudagskvöldum frá kl. 20-22 í sumar. Stjórnandi verður sem fyrr Árni Geir Hilmarsson. Leikjakvöldin verða á ýmsum stöðum í sveitarfélaginu og verða fyrstu 3 kvöldin sem hér segir:

5. júlí Félagslundur

12. júlí Þingborg

19. júlí Þjórsárver

Í fyrra var frábær mæting á þessar skemmtilegu æfingar og vonandi verður það eins í ár.

Umf. Þjótandi

Dagskrá mánaðarins

Leikjakvöld í Einbúa	4. júlí
Leikjakvöld f. unglunga í Félagslundi	5. júlí
Íþróttæfing við Þjórsarver	6. júlí
Leikjakvöld í Einbúa	11. júlí
Leikjakvöld f. unglunga í Þingborg	12. júlí
Íþróttæfing við Þjórsarver	13. júlí
Ungmennafélagsreiðtúr	16. júlí
Leikjakvöld í Einbúa	18. júlí
Unglingamót HSK í frjálsum	19. júlí
Leikjakvöld f. unglunga í Þjórsárveri	19. júlí
Afmælisgrillveisla í Skagás	20. júlí
Íþróttæfing við Þjórsarver	20. júlí
Leikjakvöld í Einbúa	25. júlí
Íþróttæfing við Þjórsarver	27. júlí
Timburhólagrill	4. ágúst
Unglingalandsmót UMFÍ	4.-6. ágúst



VÉLAR · VERSLUN · VARAHLUTIR